

Hugleiðing um Laugarnes, sögu, náttúru og landfyllingu

Hvað er heima? Pegar ég rakst á svarið „bú átt heima hjá þér“ varð ég hugsi, ég tala nefnilega um að fara heim í Laugarnes þrátt fyrir að hafa verið að heiman í hálfa öld. Ég fæddist inn í umhverfi sem lætur mig muna sig. Fæðingarsæðurinn, Laugarnesbærinn, er farin en umhverfið og náttúruna sækji ég reglulega heim. John Muir, bóndi, rithöfundur og náttúrusinni, f. 1838, orðaði það þannig: „Heima er náttúran.“

Laugarnesið er að mínu viti vin í borg, sögulegt útivistarsvæði þar sem náttúran kemur sterk inn með lífríki sem manngert útivistarsvæði hefur ekki. Svæðið í heild geymir menningarlandslag sem segir söguna allt frá landnámi til dagsins í dag og Laugarneshóllinn geymir elsta bekkta bæjarstæðið í Reykjavík. Í Laugarnesi voru stundaður landbúnaður og fiskveiðar og það voru ekki lítil forréttindi að alast upp í umhverfi sem býður upp á fjölbreytileika Laugarness. Að hafa aðgang að búsetumínjum, fjöru, holti, túni, sjó, sögu og útsýni eru í mínum huga ómetanleg lífsgæði í borg með miðbæ í göngufærri, að geta horfið frá skarkala borgarinnar, ganga niður í fjöruna, Norðurkotssvör, setjast á stein, hlusta á oldugjálfur og njóta útsýnis.

Pegar ég var að alast upp var mannlífsflóran í Laugarnesi og náttúran marglit og merkileg. Hefðbundin sveitastörf voru hluti af æskunni því faðir minn, Sigurður Ólafsson, var með hesta, kindur og ýmsan



Puríður Sigurðardóttir

fiðurfénað. Túnið með sínum friðuðu beðasléttum var slegið og hirt og við tökum þátt í heyskapnum. Sátur og galtar voru freistandi til klifurs, í óþókk bónbands, en öll börn í hverfinu voru velkomín á Laugarneshólinn, ekki síst á veturna, og þar renndum við okkur á öllu tiltaðu. Petta var enginn smávegis leikvöllur; heimur tímannna tvennra og ólíkra viðmiða.

Norðurkotsvörin var uppsprettu leikja, rannsóknarleidangra, sundsprettu, jafnvæl jakahalups – því það kom fyrir að íshröngl rak inn á Sundin. Norðurkotssvör er svo til eina óspillaða fjaran á norðurströnd Reykjavíkurborgar, allt frá Seljavarnesi að Grafarvogi. Rústir af hjáleigum Laugarness; Norðurkot, Suðurkot og Barnhóll vöktu forvitni og eftdu í myndunaraflið.

Maður lærði að lesa í landslagið, fuglana og blómin og við börnini í hverfinu vorum meðvituð um byggingar fyrir holdsveika og biskupa. Við vissum hvar Holdseikrapsitalinn stóð sem þó var aflagður fyrir okkar daga, eða 1940. Við vissum líka af Biskupsstofu/Laugarnesstofu sem hlaoðin var úr grjóti og í sama byggingastíl og Viðeyjarstofa. Stofan sem hún var gjarnan kölluð var vinnustaður Jóns Sigurðssonar forseta, tæprá 19 vetrar, eins og segir í heimildum, þegar Steingrímur Jónsson biskup réði hann til ritrarastarfa. Haft var eftir Steingrímí að hann vildi frekar Jón einan í vinnu en two aðra og það fór svo að hann starfaði í Laugarnesi

» Ég á mér þann draum að Laugarnestanginn allur verði friðaður og ég vil ganga lengra, Sundin og eyjarnar sem þau prýða verði einnig friðuð; allt þetta undursamlega samspil í landslaginu og náttúrunni.

Í þrjú ár. Á þessum tíma hafði biskupssetrið að geyma veglegasta handrita- og bókasafn landsins.

Á Laugarnestanginn fjölgði íbúum verulega í stríðslok þegar braggar setuliðsins urðu að íbúðarhúsnaði. Það er ótrúlegt að hugsa til þess að á tanganum hafi búið milli 200 og 300 manns þegar mest var, fólk sem varð að láta sér lynda bráðabirgðahúsnaði eins og braggana, á meðan beðið var eftir öðru betra. Margir stöldruðu stutt við.

En aftur að Laugarneshólnum sem í dag er rúinn húsum, eins og fyrr segir, en þau stóðu þar til ársins 1987. Í sunnanverðum bæjarhólnum er kirkjugarður, af sumum sagður sá elsti í Reykjavík - og skv. munnumælum er Hallgerður langbrók jörðuð í Laugarnesi, og hvort það var utan garðs eða innan veit enginn, en hermt er að hún hafið búið í Laugarnesi síðustu æviárin. Hallgerðarleiði, sem sögð var sigræn þúfa eða þúst áttí að vera legstaður Hallgerðar. Ég hafði mikinn áhuga á þessari grænu þúfu því ég sem barn ásældist höfuðskrautum sem atti að hafa fylgt Hallgerði í grófinu. Í aðdraganda þess að Sæbraut var lögð,

var téð Hallgerðarleiði rannsakað en þá voru þar einungis merki um smiðju, gjallhaug, en engin Hallgerður og ekkert höfuðskraut.

Peir síðustu sem jarðaðir voru í Laugarneskirkjugarði voru franskir sjómenn sem dóu úr bólusótt 1871. Ég man að við börnini höfðum pata af því að bólusóttarveira lifði í jördinni 100 ár og við höfðum áhyggjur af því þegar pabbi var að slá með orfi og flugbeittum ljá.

Kirkjugarðurinn og bæjarhóllinn bar sem Laugarnesbærinn stóð eru friðlystar minjar og þar stóð kirkja til ársins 1794 þegar Dómkirkjan reis. Laugarneskirkja þjónaði Viðey, eftir að gamla kirkjan þar var ekki lengur messusfær – og í Laugarnes sótti Skúli Magnússon fógeti kirkju, ásamt öðrum Viðeyingum. Og þegar Bjarni Pálsson og Eggert Ólafsson sinnu rannsóknarstörfum dvöldust þeir oft vetrarlangt í Viðey hjá Skúla fógeta. Til minningar um dvöolina gáfu þeir Laugarneskirkju, sem var Maríukirkja, altaristöflu. Taflan er nú varðveisitt á Pjóðiminjasafni Íslands en eftirþrentun er í jaðri Laugarneshólsins, norðanvert við Sæbrautina. Skúli létt svo reisa nýja kirkju í Viðey, þá kirkju sem við þekkjam í dag. Laugarnes og Viðey hafa kallast á í gegnum aldirnar.

Pað varð mér og fleirum sem unna Laugarnesinu mikil gleðiefni þegar Verndaráætlun, samningur Minjastofnunar og Reykjavíkurborgar, var undirrituð á Laugarneshólnum árið 2016 en þar er þessi klásula: „Náttúrufaríð á Laugarnesi gerir svæðið einstaklt í Reykjavík þar sem hægt er að horfa yfir nesið og út í Viðey án truffunar frá mannvirkjum nútímans.“ Og þar segir einnig: „Mikilvægt er að halda í petta

merkilega menningarlandslag, samspil náttúru og minja, sem er hvergi að finna annars staðar í Reykjavík.“

Svo mörg voru þau orð. Mér finnst að ég/við sem unnum þess einstaka svæði höfum verið svikin eftir að borgaryfirvöld, án kynningar, án deiliskipulags og án samráðs við fólk ið sem byggir borgina, réðust í það 2019 að keyra grjóti úr grunni Landspítalans inn í Laugarnes og sturtu því niður austan við Norðurkotsvörina í landfyllingu, sem er í hróplegu ósamræmi við allt umhverfið og skerðir útsýni til Viðeyjar og þar með þá sögulegu tengingu sem við þekkjam og rústar það menningarlandslag sem samningur Reykjavíkurborgar og Minjastofnunar var gerður til að vernda. Og nú stendur til að ganga enn lengra og bæta við landfyllinguna einum 40 þúsund fermetrum.

Ég á mér þann draum að Laugarnestanginn allur verði friðaður og ég vil ganga lengra, Sundin og eyjarnar sem þau prýða verði einnig friðuð; allt þetta undursamlega samspil í landslaginu og náttúrunni – svo börnini okkar og komandi kynslóðir fái notið og þegar ég er að tala um friðun á ég við friðun sem býður upp á eðilega umgengni í landslaginu eins og það er. Laugarnesið ætti ekki að vera minjasafn um fortiðina heldur hluti af upplifun í daglegu lífi fólkis sem vill „eiga heima í náttúrunni“.

Ég skora á borgarráð Reykjavíkur að draga til baka leyfi fyrir viðbótarlandfyllingu og koma þannig í veg fyrir óafturkræft umhverfisslys í náttúruperlunni Laugarnesi.

Hefðbundur er myndlistarmaður og Laugarnesvinur.